

# Skattstjórnin í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. **D** 135/1655

komudagur 4.3.2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2008

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

**Þskj. 508 – 325. mál.**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar á skattlagningu aðila í atvinnurekstri. Annars vegar er um að ræða breytingu á skattlagningu söluhagnaðar aðila í atvinnurekstri og hins vegar breytingu á skattaumsýslu stórfyrirtækja. Auk þess er lögð til breyting á lögum um virðisaukaskatt varðandi ógerilsneydda mjólk. Í umsögn þessari verður fjallað um tvær fyrnefndu breytingarnar.

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði felld niður. Samkvæmt ákvæði þessu geta lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., og einstaklingar í atvinnurekstri farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, um tvenn áramót frá söluþegi. Samkvæmt athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild þessi verði felld brott enda séu með breytingu þeirri sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins ekki lengur forsendur fyrir ákvæði þessu. Um hagnað af sölu hlutabréfa gildi því 1. mgr. 18. gr. þar sem fram kemur að slíkur hagnaður teljist að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir lengd eignarhaldstíma ekki máli.

Breyting sú sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins tekur eingöngu til lögaðila sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003. Um söluhagnað einstaklinga í atvinnurekstri af hlutabréfum, sem eignfærð eru í atvinnurekstri þeirra, gildir því 1. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003.

2. Meginbreytingin sem lögð er til í 2. gr. varðar heimild til að draga frá tekjum fjárhæð sem nemur hagnaði af sölu hlutabréfa skv. 18. gr. hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 af hlutabréfum í félögum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Ákvæði þetta tekur einnig til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur skv. 3. másl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju

# Skattstjórnin í Reykjavík

aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Í ákvæði þessu er jafnframt lagt til að rekstrarkostnað sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á tekjum sem eru frádráttarbærar samkvæmt þessum tölulið verði ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum. Varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldar eða frádráttarbærar samkvæmt framangreindu skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar. Í ákvæðinu eru ekki tímamörk varðandi rekstrarkostnað. Telja verður að þar sé um að ræða þann kostnað sem fallið hefur til á því ári sem söluhagnaðurinn tekjufærist. Rétt væri að tilgreina það í ákvæðinu. Hér er um að ræða breytingu á skattlagningu sem telja verður eðlilega þegar horft er til þróunar á flutningi íslenskra félaga á eignarhaldi til annarra landa.

3. Á undanförunum árum hefur nokkur umræða átt sér stað um bætt eftirlit með stórum fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum og aukna þjónustu við þessa aðila. Um er að ræða aðila með mikil umsvif og flókin skattskil, sem skattstjórar munu oft á tíðum hafa átt í erfiðleikum með að sinna á fullnægjandi hátt. Í 3. gr. laganna er lagt til að álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla lögaðila af tilgreindri stærð (stórfyrirtæki) heyri undir embætti undirritaðs. Er þessi breyting í samræmi við stefnu grannþjóða okkar sem hafa skipað stórum lögaðilum til skattlagningar í einu umdæmi, þar sem starfa sérfræðingar með góða þekkingu í skatt- og reikningsskilum slíkra aðila. Skattstofur á Reykjavíkursvæðinu hafa yfir flestum sérfræðingum að ráða og eru því betur i stakk búnar til að veita þessa þjónustu. Með stofnun þessarar einingar í Reykjavík fá stórfyrirtæki sams konar þjónustu án tillits til þess hvar starfsemi þeirra fer fram. Undirritaður tekur þessu verkefni fagnandi og telur eðlilegt að setja það niður í Reykjavík, þar sem um 70% af þessum aðilum eru nú með skattalega heimilisfesti.

Skilja verður ákvæðið þannig að um sé að ræða öll þau verkefni sem þessum lögaðilum tilheyra og verið hafa á höndum einstakra skattstjóra fram til þessa. Gerð bindandi álit, sbr. lög nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skv. beiðnum þessara aðila verði því áfram hjá ríkisskattstjóra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við einingu þessa starfi 10 starfsmenn. Ef vel tekst til varðandi mannráðningar ætti sá starfsmannafjöldi að geta sinnt þeim verkefnum sem hér um ræðir ágætlega. Ljóst er hins vegar að starfsmenn þessir verða ekki fengnir með fækkun núverandi starfsmanna embættisins. Gera verður ráð fyrir að einhverjir starfsmenn fylgi þessum verkefnum í hina nýju einingu og að ráðnir verði starfsmenn í stað þeirra.

Hér er um að ræða stofnun sérstakrar starfseiningar sem falli undir embætti undirritaðs. Til þess að rekstur slíkrar einingar verði sem hagkvæmastur þarf að nýta þá stoðþjónustu sem fyrir er hjá embættinu. Núverandi húsnæði í Tollhúsinu rúmar ekki slíka viðbót við starfsemi embættisins að óbreyttu. Brýnt er því að þessari einingu verði fundinn staður sem næst núverandi starfsstöð embættisins.

# Skattstjórnin í Reykjavík

4. Fara þarf vandlega yfir gildistökuákvæði frumvarpsins. Með því er bæði um íþyngjandi og ívilnandi breytingar að ræða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 1. og 2. gr. laganna, sem varða breytingar á meðferð söluhagnaðar, taki gildi í ársbyrjun 2008. Verður að telja það varhugavert.

Virðingarfyllt



Gestur Steinþórsson